

8. gr.

83

Bæjarstjórninni skal heimilt að verja nokkru af sjóðnum til annara jarða-^{29. apríl}kaupa í Skutulsfirði áður en Kirkjuból sé keypt, ef hún samþykkir það á sama hátt og 5. gr. segir fyrir.

Gert á Ísafirði (^{29/12} 1905) 24. júlí 1909.

Eftir umboði hins fyrverandi Sparisjóðs á Ísafirði

Þorvaldur Jónsson.

Arni Jónsson.

Þorvaldur Jónsson.

Skipulagsskrá

84

14. maí

fyrir Skólasjóð gagnfræðaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir *Skólasjóður gagnfræðaskólans á Akureyri* og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri, og skal varið skólanum til stuðnings og eflingar.

2. gr.

Nemendur gagnfræðaskólans, er heimavist hafa, skulu greiða 6 kr., en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í sjóðinn. Gjald þetta greiðist að haustinu um það leyti að skóli er settur.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan fulltryggilegan hátt. Skólameistari er sjóðvörður. Hann innheimtir tillög og kemur fé sjóðsins á vöxtu. Hann semur ársreikning sjóðsins og skal hann lagður fyrir kennarafund til endurskoðunar og úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Helmingnum af venjulegum árstekjum hans má árlega verja samkvæmt tilgangi hans. Í desembermánuði ár hvert semur skólameistari tillögur um það, hversu sjóðnum skuli varið næsta ár, og leggur þær fyrir kennarafund til meðferðar og úrslita. Tillögurnar skulu síðan sendar stjórnarráðinu til samþykkis.

84

14. maí

5. gr.

Sjóðnum skal aðallega varið til verðlauna handa nemendum fyrir frábæra ástundun, háttprýði og þekkingu, og til þess að gjöra nemendum vistina í skól-
anum holla og aðlaðandi.

6. gr.

Reikningur sjóðsins og skýrsla um það, hvernig honum er varið skal ár-
lega birt í skólaskýrslunni.

Í stjórnarráði Íslands 14. maí 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

85

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar
Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1909.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1908: í Söfnunarsjóði	kr.	1382 50
2. Vextir 1908	—	62 49
	Samtals kr.	1444 99

Gjöld:

1. Veittur styrkur til vagnkaupa	kr.	49 99
2. Í sjóði við árslok 1909: í Söfnunarsjóði	—	1395 00
	Samtals kr.	1444 99

Skrifstofu Árnessýslu, 14. marz 1910.

Sigurður Ólafsson.